# Uppsalir, Eiðaþinghá
# Múlaþing

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

*Höfundur*
*Þuríður Elísa Harðardóttir*

*Ljósmyndir*
Þuríður Elísa Harðardóttir

*Ljósmynd á forsíðu*
Horft til norðurs yfir svæðið

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

# Efnisyfirlit

1. Aðdragandi vettvangsferðar ........ 4

2. Niðurstöður ........ 4

3. Heimildaskrá ........ 5

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*2959*

Tilgangur úttektar:
*Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir*

Staðsetning:
*Uppsalir, Eiðaþinghá*

GPS:
*716190.36,539135.55*

Dagsetning vettvangsferðar:
*26.04.2023*

# 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Byggingarreiturinn stendur vestan við núverandi íbúðarhús á Uppsölum. Reiturinn hallar niður til vesturs og innan hans hafði staðið gróður sem búið var að taka niður. Norðurhluti reitsins er blautur. Vegtenging að byggingarreitnum mun koma frá bílaplani fyrir framan núverandi íbúðarhús og liggja vestan við það og að nýju húsi. Samkvæmt heimildum stóð gamli bær Uppsala um 140m austar á sléttuðu túni. Byggingarreiturinn er staðsettur utan við gamla heimatúnið.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

# 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva

framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## 3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Helgi Hallgrímsson. (1993). *Skógræktarsvæðið (Finnsstaðir)-Uppsalir-Evindará-Steinholt-Miðhús-Egilsstaðir*.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Eiðaþinghá í Suður-Múlasýslu. Svæðisskráning*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Skipulagsvefsjá Múlaþings. https://www.map.is/mulathing

Túnakort Uppsala. (1918-1919). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Uppsala. Skráð af Eiríki Eiríkssyni. Örnefnasstofnun Íslands.